

## Samkomulag um dreifkennslu í Tækniskólanum

Kennarasamband Íslands og Tækniskólinn gera með sér eftirfarandi samkomulag um fyrirkomulag dreifkennslu og mat á vinnu kennara:




1. Með kennslu í dreifnámi er átt við að kennsla fari fram með blöndu af staðbundinni kennslu og með fjarkennslu á Námsneti Tækniskólans.
2. Tækniskólinn tryggir kennurum afnot af öllum nauðsynlegum tölvu- og netbúnaði í húsnæði skólans auk tæknaðstoðar vegna upptöku kennslustunda og dreifingar á netinu. Kennari ákveður og annast upptöku og dreifingar kennslustunda á netinu en getur óskað eftir tæknaðstoð vegna þessa.
3. Kennari setur kennsluáætlanir, verkefni, úrlausnir verkefna og lýsingu á framvindu námsins á Námsnet skólans ásamt öðru efni sem tengist kennslunni.
4. Ákvæði miðlægs kjarasamnings KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, gr. 2.6.3 og bókun um greiðslu fyrir kennslu í öldungadeildum, meistaraskóla og sambærilegu námi frá 28. nóvember 1985, eru grundvöllur mats á vinnu kennara í dreifkennslu TS sem og grunnskilgreiningar 2. kafla kjarasamningsins um vinnutíma, sbr. jafnframt gr. 2.1.6.2.1., 2.3.6. og 2.3.9. Tímafjöldi í dreifkennslu miðast að lágmarki við samanlagðan einingafjölda þeirra áfanga sem kennari hefur í stundatöflu, þar sem reiknað er með einni kest. á hverja kennda einingu. Heimilt er að nota 1. gr. auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 4/2001, um rofið samhengi eininga og kennslustunda, ef nemendur í námshópum eru 6 eða færri. Leita ber samþykkis kennara við þessar aðstæður.
5. Um samskipti kennara við nemendur í þeim hluta námsins sem fer fram í fjarkennslu gildir að kennari svari fyrirspurn frá nemanda ekki sjaldnar en einu sinni í viku. Miðað er við að vinnutími kennara með nemendum, sé að jafnaði sambærilegur og í hefðbundnu staðbundnu kvöldnámi þar sem kennt er á allt að helmingi styttri tíma en gert er í dagskóla (1 kest. á hverja einingu).
6. Viðvera kennara með nemendum í staðbundinni lotu byggir á 4. tl. samkomulagsins. Staðbundnar lotur umfram upphafslotu eru valkvæðar fyrir kennara. Telji kennari þörf á fleiri vikulegum kennslustundum í staðbundinni lotu en einingafjöldi áfanga segir til um, þarf að sækja sérstaklega um aukinn tímafjölda til skólastjóra. Aukinn tímafjöldi er greiddur skv. 4. tl. samkomulagsins.
7. Viðmið um hópastærð verklegra áfanga er 15 nemendur, tölvu- og teikniáfanga 21 nemandi og bóklegu áfanga 31 nemandi. Við ákvarðanir um fjölgun í námshópum umfram þessi viðmið ber skólanum að taka tillit til námsaðstæðna og þeirra tækja og tóla sem gerðar eru kröfur um vegna náms nemenda. Leita skal samþykkis kennara við þessar aðstæður. Nemendafjöldi í námshópum skal þó aldrei fara umfram 18 nemendur í verklegum áföngum, 30 nemendur í tölvu- og teikniáföngum og 45 nemendur í bóklegum áföngum.

BBB  
A  
AST

8. Fyrir hvern nemanda umfram 15 í verklegum áföngum, 21 í tölvu- og teikniáföngum og 31 í bóklegum áföngum greiðast 20 mínútur.
9. Nemendafjöldinn er talinn fjórum sinnum á önninni, við lok 2. viku 5. viku, 10. viku og lok síðustu kennsluviku og reiknað meðaltal af þeim tölum. (sjá fylgiskjal) Miðað er við fjölda nemenda eins og hann er skráður í INNU. Uppgjör vegna nemendafjölda er við útborgun yfirvinnulauna í lok hvernna annar.
10. Skólastjórar viðkomandi dreifnáms bera ábyrgð á skipulagi prófahalds og próftöku nemenda. Miðað er við 14 vikur til kennslu og einni virkri viku til prófa í desember. Fyrirkomulag prófahalds og vinna kennara á prófatíma er með sama hætti og í dagskóla.
11. Endurskoðað skal samkomulagið í upphafi hvers skólaárs.

6. september 2011

  
Tækniskólinn ehf

  
Adalheiður Steingrimsdóttir  
  
Þórunn J. Þarnadóttir  
  
Jóns. Ás  
Kennarasamband Íslands



## Talning nemenda í dreifnámi.

Eftirfarandi eru talningadagsetningar í dreifnámi

2. vika annar	5. vika	10. vika	Síðasta kennsluvika	Lok annar
Talning 1	Talning 2	Talning 3	Talning 4	Uppgjör

Talning fer þannig fram að tekinn er heildarfjöldi nemenda sem skráður hefur verið í INNU.

Á **fyrstu** talningadagsetningu eru dregnir frá þeir nemendur sem skráð hafa sig úr áfanganum .

Á **annarri** talningadagsetningu eru dregnir frá þeir nemendur sem skráð hafa sig úr áfanganum frá fyrstu talningadagsetningu.

Á **þriðju** talningadagsetningu eru dregnir frá þeir nemendur sem skráð hafa sig úr áfanganum frá annarri talningadagsetningu.

Á **fjórðu** talningadagsetningu eru dregnir frá þeir nemendur sem skráð hafa sig úr áfanganum frá þriðju talningadagsetningu.

Tekið er meðaltal af fjölda nemenda umfram viðmiðunarmörk 15, 21 eða 31 á þessum talningadagsetningum og þannig fenginn meðaltalsfjöld nemenda á önninni.

Reiknaðar eru 20 mínútur á hvern meðaltalsnemanda nemanda í 18 vikur.

Heildar uppgjör launa fer síðan fram við fyrstu mögulegu útborgun eftir fjórðu talningadagsetningu.

6. október 2011